



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Öldungaráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn um úthlutun húsnæðis fyrir eldri íbúa í Reykjavík

Á fundi öldungaráðs þann 11. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ársskýrslum Félagsbústaða síðustu þrjú árin kemur fram fjöldi nýrra úthlutana skiptist á milli fimm ólíkra tegunda húsnæðis; Almennt félagslegt leiguhúsnæði, Þjónustuíbúðir aldraðra, Húsnæði fyrir fatlað fólk, Húsnæði fyrir heimilislausa og að lokum, áfangaheimili. Öldungaráð hefur áhuga á að vita hversu margir 67 ára og eldri hafa fengið úthlutað húsnæði af tegund Almennt félagslegt leiguhúsnæði, síðustu 3 árin? Hversu margir aðilar og á hvaða aldri hafa fengið úthlutað skilgreindum þjónustuíbúðum fyrir 67 ára og eldri? Ef aðrir en 67 ára og eldri fá úthlutaðum þjónustuíbúðum, sem skilgreindar eru sérstaklega fyrir þennan aldur, hvernig er tryggt að það halli ekki 67 ára og eldri? Jafnframt er óskað upplýsinga um þann fjölda eldra fólks sem er á biðlista eftir þjónustuíbúðum og félagslegu húsnæði?

Vísað til umsagnar velferðarsviðs og Félagsbústaða.

Svar:

1) Fjöldi og aldur þeirra sem hafa fengið úthlutað húsnæði af tegund Almennt félagslegt leiguhúsnæði, síðustu 3 árin:

	2020		
Aldur	Fjöldi	Prósent	
Yngri en 67 ára	178	95,2	
67 ára og eldri	9	4,8	
Alls	187	100	

	2021		
Aldur	Fjöldi	Prósent	
Yngri en 67 ára	165	98,2	
67 ára og eldri	3	1,8	
Alls	168	100	

	2022 Jan-Nóv		
Aldur	Fjöldi	Prósent	
Yngri en 67 ára	105	96,3	
67 ára og eldri	4	3,7	
Alls	109	100	

2) Fjöldi og aldur þeirra sem hafa fengið úthlutað skilgreindum þjónustuíbúðum fyrir 67 ára og eldri, síðustu 3 árin:

	2020		
Aldur	Fjöldi	Prósent	
50-59 ára	3	4,5	
60-66 ára	6	9,1	
67 ára og eldri	57	86,4	
Alls	66	100	

	2021		
Aldur	Fjöldi	Prósent	
50-59 ára	1	2,0	
60-66 ára	6	12,2	
67 ára og eldri	42	85,7	
Alls	49	100	

	2022 Jan-Nóv		
Aldur	Fjöldi	Prósent	
60-66 ára	5	7,8	
67 ára og eldri	59	92,2	
Alls	64	100	



3) Starfsfólk velferðarsviðs tekur ákvarðanir um úthlutanir íbúða samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019. Ákveðin skilyrði eru fyrir því að umsókn um þjónustuíbúð aldraðra verði samþykkt á biðlista m.a. að umsækjandi skuli vera 67 ára eða eldri. Uppfylli umsækjendur ekki skilyrði reglna eiga þeir rétt á að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina. Í þeim tilvikum þegar aðrir en 67 ára og eldri fá úthlutaðar þjónustuíbúðir, sem skilgreindar eru sérstaklega fyrir þennan aldur hafa þeir sótt um þjónustuíbúð, ekki uppfyllt skilyrði, fengið synjun og síðan áfrýjað til áfrýjunarnefndar velferðarsviðs. Áfrýjunarnefndin hefur endurskoðað ákvörðun velferðarsviðs og veitt undanþágu á aldursviðmiðinu. Á velferðarsviði er starfandi sérstakt úthlutunarteymi þjónustuíbúða sem hefur það hlutverk að forgangsráða í þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem eru í eigu eða á forræði Félagsbústaða hf. Umsóknir um þjónustuíbúð sem samþykktar hafa verið á biðlista raðast í forgangsröð með hliðsjón af faglegu mati ráðgjafa og úthlutunarteymis ásamt niðurstöðu stigagjafar samkvæmt matsviðmiðum.

4) Fjöldi eldra fólks sem er á biðlista eftir þjónustuíbúðum og félagslegu húsnæði

Biðlisti eftir almennum íbúðum í janúar 2023

Aldur	Fjöldi	Prósent
19 ára og yngri	6	0,7
20-24 ára	72	8,3
25-29 ára	122	14,0
30-39 ára	284	32,6
40-49 ára	181	20,8
50-59 ára	114	13,1
60-66 ára	57	6,5
67 ára og eldri	36	4,1
Alls	872	100

Biðlisti eftir þjónustuíbúðum í janúar 2023

Aldur	Fjöldi	Prósent
60-66 ára	3	2,5
67 ára og eldri	116	97,5
Alls	119	100

Hjálagt: Reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019.